

## Tillaga að

### REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr .../...

frá [...]

**um breytingar á reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 um samfellt lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á því sviði**

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af Stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almennt flug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu<sup>(1)</sup> (sem hér á eftir nefnist "Grunnreglugerðin"), einkum þó 5. og 6. gr. reglugerðarinnar, og

með hliðsjón af reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 um samfellt lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á því sviði<sup>(2)</sup>,

að teknu tilliti til eftirtalinna atriða:

- (1) Með reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003 er komið á reglunni um höfuðstöðvar, að teknu tilliti til M.1 í Viðauka I, 145.1 í Viðauka II og 147.1 í Viðauka IV.
- (2) Bæði landsyfirvöld flugmála og rekstraraðilar hafa farið fram á að skilgreint verði hugtakið höfuðstöðvar til að afstýra misskilningi sem kann að koma upp ef stjórnvaldið er ekki vandlega skilgreint.
- (3) Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð byggjast á álitum Flugöryggisstofnunarinnar<sup>3</sup> í samræmi við greinar 12(2)(b) og 14(1) í Grunnreglugerðinni.
- (4) Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit<sup>4</sup> Nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem stofnuð var samkvæmt 54(3) grein Grunnreglugerðarinnar.

<sup>1</sup> Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og Ráðsins Nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur á sviði almenns flugs og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. (OJ L 240, 7.9.2002, bls.1)

<sup>2</sup> Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um samfellt lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á því sviði (OJ L 315, 28.11.2003, bls. 1). Reglugerðin eins og hún er eftir að henni var breytt með reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 707/2006 frá 8. maí 2006 (OJ L 122, 9.5.2006, bls. 17)

<sup>3</sup> Álitsgerð 5/2005, sjá: [http://www.easa.eu.int/home/opinions\\_en.html](http://www.easa.eu.int/home/opinions_en.html)

<sup>4</sup> [birtist síðar]

- (5) Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003 ætti því að breyta samkvæmt því,

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. grein*

Eftirfarandi ákvæði koma í stað M.1 í Viðauka I við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003:

#### **M.1**

- (a) Hvað varðar markmið þessa Hluta, skal lögbært stjórnvald vera:
1. fyrir eftirlit með samfelldu flughæfi einstakra loftfara og fyrir útgáfu endurskoðunar-lofthæfisevottorða: þau stjórnvöld sem aðildarríkið hefur tilnefnt.
  2. fyrir eftirlit með viðhaldsfyrirtæki eins og tilgreint er í M.A. kafla F:
    - (i) stjórnvaldið sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar.
    - (ii) Flugöryggisstofnunin, ef fyrirtækið er í þriðja landi.
      3. fyrir eftirlit með fyrirtæki sem annast vottun fyrir samfelld lofthæfi eins og tilgreint er í M.A. kafla G:
        - (i) stjórnvaldið sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem það fyrirtæki hefur höfuðstöðvar sínar.  
ef vottunarinnar er ekki getið í skírteini flugfélags:
        - (ii) stjórnvaldið sem tilnefnt er af aðildarríki flugfélagsins ef samþykkið er tiltekið í skírteini flugfélags,
        - (iii) Flugöryggisstofnunin ef fyrirtækið er í þriðja landi:
          4. fyrir vottun viðhaldsprógramma,
            - (i) stjórnvaldið sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem skráningin fer fram.
            - (ii) Þegar um er að ræða loftflutninga í atvinnuskyni, og aðildarríki flugfélagsins er annað en skráningarlandið: stjórnvaldið sem samþykkt er að ofangreindum tveimur ríkjum áður en vottun viðhaldsprógrammsins fer fram.

- (b). Í sambandi við markmið þessa Hluta og í tengslum við fyrirtæki sem Viðauki I í honum nær til, er með höfuðstöðvum átt við þá starfsstöð fyrirtækisins þaðan sem meirihluti stjórnenda fyrirtækisins, sem um er fjallað í M.A.606 og M.A.706, stjórnar tæknilegum umsvifum fyrirtækisins, hefur eftirlit þeim með eða samhæfir þau, og tryggir þar með að fyrirtækið fari eftir þeim kröfum sem settar eru fram í Hluta-M.

##### *2. Grein*

Eftirfarandi ákvæði koma í stað málsgreinar 145.1 í Viðauka II við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003:

#### **145.1 Almenn**

- (a) Hvað varðar markmið þessa Hluta, skal lögbært stjórnvald vera:
1. fyrir fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki: stjórnvaldið sem tilnefnt er af því aðildarríki, eða;
  2. fyrir fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi: Flugöryggisstofnunin.
- (b). Í sambandi við markmið þessa Hluta og í tengslum við fyrirtæki sem Viðauki II í honum nær til, er með höfuðstöðvum átt við þá starfsstöð fyrirtækisins þaðan sem meirihluti stjórnenda fyrirtækisins, sem um er fjallað í 145.A.30(a)(b), stjórnar tæknilegum

umsvifum fyrirtækisins, hefur eftirlit með þeim eða samhæfir þau, og tryggir þar með að fyrirtækið fari eftir þeim kröfum sem settar eru fram í Hluta-145.

### *Article 3*

Eftirfarandi ákvæði koma í stað málsgreinar 147.1 í Viðauka IV við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003:

#### **147.1**

- (a) Hvað varðar markmið þessa Hluta, skal lögbært stjórnvald vera:
1. fyrir fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar á svæði aðildarríkis: stjórnvaldið sem tilnefnt er af því aðildarríki;
  2. fyrir fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi: Flugöryggisstofnunin.
- (b) Í sambandi við markmið þessa Hluta og í tengslum við fyrirtæki sem Viðauki IV í honum nær til, er með höfuðstöðvum átt við þá starfsstöð fyrirtækisins þaðan sem meirihluti stjórnenda fyrirtækisins, sem um er fjallað í 147.A.105, stjórnar tæknilegum umsvifum fyrirtækisins, hefur eftirlit með þeim eða samhæfir þau, og tryggir þar með að fyrirtækið fari eftir þeim kröfum sem settar eru fram í Hluta-147.

### *4. grein*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir útgáfu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

*Gjört í Brussel,*

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar*

*Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar*